

#### 4. fundur

Æskulýðs- og íþróttanefnd hélt fund þriðjudaginn 5. nóvember 2002 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru: Ríkharður Hrafnkelsson, formaður, Kristín Rut Helgadóttir, María Valdimarsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Alda Pálsdóttir, auk þeirra Guðfinna D. Arnórsdóttir og Dallilja I. Steinarsdóttir frá Félagsmiðstöð og Vignir Sveinsson frá Íþróttamiðstöð.

Ríkharður setti fund kl. 17:05 og bauð alla velkomna.

1. Yfirlit forstöðumanna um starfið.

##### X-ið.

Starfið gengur vel. Stundum fullt út úr dyrum og stundum fáir. Framundan er tískusýning, bingo og æskulýðsball í Borgarnesi.

##### Íþróttamiðstöð.

Starfið gengur ágætlega. Ýmis mál koma upp sem leysa þarf á starfsmannafundi.

2. Æskulýðsfulltrúi – heilsársstarf – hugmyndir og umræða.  
Ríkharður las upp bréf frá bæjarráði um að nefndin komi með tillögur um hvað æskulýðsfulltrúi ætti að gera.  
  
Ýmsar umræður um starfið og lagt til að fundarmenn hugsuðu þetta áfram og tækju þetta fyrir á næsta fundi.
3. Gjaldskrá og árskort í Íþróttamiðstöð.  
Ýmis umræða um gjaldskrá. Lögð verður fram tillaga á næsta fundi.
4. Reglur um aðgang að sundlaug.  
Rætt um þennan lið. Framlagt skjal samþykkt.
5. Æfingatímar í íþróttahúsi.  
Umræður um að 9. og 10. bekkur eru á æfingu frá 21:30 til 23:00. Æfingátími sem samrýmist ekki útivistarreglum. Mfl. í knattspyrnu eru með tíma á undan krökkunum. Samþykkt að Ríkharður sendi ábendingarbréf til stjórnar Snæfells.
6. Afleysing starfsmanna og aðstoð í X-inu.  
Nefndin styður það að þær í X-inu finni e-n sem getur leyst af í forföllum.
7. X-ið, nýting á kjallara undir sviði.  
Nefndin hafnar því að farið verði í framkvæmdir þar.
8. Önnur mál, engin.

Fundi slitið kl. 18:30.

María Valdimarsdóttir (sign.),  
Kristín Rut Helgadóttir (sign.),  
Guðfinna D. Arnórsdóttir (sign.),  
Vignir Sveinsson (sign.),

Sigurborg Sturludóttir (sign.),  
Alda Pálsdóttir (sign.),  
Dallilja Inga Steinarsdóttir (sign.),  
Ríkharður Hrafnkelsson (sign.).

Íhs.